

# Líf og list



Umsjón:  
Katrín Páls-  
dóttir



Sunna Borg og Svanhildur Jóhannesdóttir í hlutverkum sínum í Fyrsta öngstræti til hægri.

## Fresta frum-sýningu á jólaleikritinu

„Við urðum að fresta frumsýningu á jólaleikritinu, Punktilla og Matti, vegna utanfarar leikfélagsins til Svíþjóðar. Þráðurinn verður tekinn upp aftur milli jóla og nýárs“, sagði Oddur Björnsson leikhússtjóri á Akureyri í spjalli við Vísir.

Leikfélag Akureyrar fór utan til Svíþjóðar með leikrit Arnar Bjarnasonar Fyrsta öngstræti til hægri. Leikurinn hafði verið sýndur fyrir fullu húsi 16 sinnum fyrir utanferðina. Sýnt var tvisvar í Svíþjóð, og leiknum ákaflega vel tekið. Það var Samband atvinnuleikhúsa utan höfuðborga sem bauð leikfélaginu utan. Leikhópar frá öllum Norðurlöndum komu saman í Orrebro og í leikhúsi borgarinnar voru 6 til 7 leiksýningar á dag. Námskeið fyrir leikara og tæknimenn voru haldin fyrir þátttakendur en

þeir dvöldu í Orrebro í fimm daga.

Starfsemi Leikfélags Akureyrar hefur gengið mjög vel það sem af er þessu leikári. Leikhúsgestir eru þegar orðnir um sjö þúsund talsins, en í fyrra voru þeir alls fjórtán þúsund.

Sýningar á Fyrsta öngstræti til hægri verða teknar upp aftur milli jóla og nýárs. Þá hefjast einnig sýningar á Galdrakarlinum í Oz, en mjög góð aðsókn hefur verið að þeirri sýningu, síðan það var frumsýnt í haust. — KP.

# LUKKUPOKI

## heimsfrægir á Kjarvalsstöðum

### Fleiri en eitt

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á grafík (svartlist) eftir um 30 myndlistarmenn. Til grafíkur telst margt konar tækni með mismunandi langa hefð að baki, þær eiga það þó sammerkt, reyndar eitt aðaleinkenni hennar, að hægt er að gera verkið í fleiri en einu eintaki. Upplag getur verið frá innan við 10 upp í mörg þúsund. Má segja að oftast sé verðgildi í öfugu hlutfalli við fjöldann.

Samfara tækniþróun hafa komið fram nýjar aðferðir, t.d. er ljósritun, fjölrítun, offsetprentun og fl. sem víða eru viðurkenndar á við aðrar leiðir grafíkur. Svo má benda á að fjöldi myndlistarmanna hafa notað bækur sem miðil má þar nefna t.d. Diter Rot, eða gert hluti í ákv. upplagi, sumir hafa gefið út ljósmyndir í ákv. upplagi, svona mætti lengi telja. Spurning um skilgreiningu á tækni. Hver aðferð hefur sinn sérstaka karakter og undir listamanninum komið hverja leið hann velur.

Sem sagt margar leiðir eru til og hafa verið farnar í að gera list í tilteknum fjölda til dreifingar og sölu fyrir tiltölulega stærri markað en annars. Framleiðsla og dreifing á list í stórum upplögum sem grafík eða öðruvísi virðist ósköp eðlilegur hluti af nútíma neysluþjófélaga.

### Að sjá hana eða ekki

Fjölmiðlar eru sagðir vera framlenging skilningarvitanna. Mikið magn upplýsinga um umheiminn berast okkur gegnum þá. Við sjáum og heyrum í gegnum þá. Við skoðum list í gegnum þá! „Listaverkabækur“ gegna nú stórum hluta af því hlutverki sem söfn og gallerí gegndu í eina tíð, þá þurftu menn að ferðast í marga daga eða vikur til að sjá málverk eða hlusta á tónverk, nú kaupa menn bækur með málverkinu (unum) eða plötur með tónverkinu (unum). Neysla á list hefur aldrei verið meiri og almennari en í dag, (en að visu hafa fjölmiðlar veruleg áhrif á neysluvenjur fólks ekki síður í list en öðru).

En er samt ekki alveg sérstök tilfinning að standa frammi fyrir „originalinu“ einhvers staðar úti í heimi? Jú, það hlýtur að vera. En er ekki eitthvað alveg sérstakt við að eiga „original“? Jú, það er það alveg ábyggilega. En þar

## Tónlist frá Endurreisnartímanum

Tónlist frá endurreisnartímanum verður flutt í sal Menntaskólans í Reykjavík í kvöld klukkan 21. Tónlistin er frá tímabilinu 1400 til 1650.

Flytjendur eru hópur áhuga-fólks um tónlist frá miðöldum og endurreisnartímanum. Þeir eru: Asgeir Bragason, Bjarni Gunnarsson, Elín Guðmundsdóttir, Hans Eiríkur Baldursson, Hlin Torfadóttir, Kristín Sveinbjarnadóttir, Magnús Jóhannsson og Órnólfur Ólafsson.

## myndlist



Hannes Lárusson  
skrifar:

poka, pinulitíð af Picasso, pinulitíð af Chagall, pinulitíð af Dali, pinulitíð af Erró o.s.frv.

Þarna gefst tækifæri til að skoða hvernig sumir af þekktustu myndlistarmönnum aldarinnar hafa unnið í grafík. Vafasamt verður þó að telja að margir þeirra hefðu hlotið þá viðurkenningu og frægð, sem þeir hafa hlotið, fyrir grafíkina eina saman, enda virðast margir hafa notað hana sem eins konar aukamiðil til að fylgja eftir hugmyndum sem þeir hafa þegar gert skil í öðrum miðlum, t.d. málverki. Þó sýnast sumir hafa fundið sig sérlega í grafíktækninni, hún henti þeim betur en aðrir miðlar.

Eins og gefur að skilja er ekki hægt að fjalla um einstök verk á þessari sýningu hér. Hún er í heild afskaplega þægileg en ekki krassandi, enda yfirleitt á ferðinni miðaldra verk sem þegar hafa hlotið mikla umfjöllim í gegnum árin. Satt að segja er ekki svo margt hægt að segja um Picasso og Chagall sem ekki er búið að segja áður.

Með sýningunni er ágæt sýningararkrá þar sem fjallað er um hvern listamann í stuttu og skýru máli. Sýninguna verður að telja jákvætt menningarframtak og meðal fárra tækifæra (sem sjálf-sagt er að nota), sem gefast til að sjá verk eftir jafn þekktu myndlistarmenn í sýningarsölunum í þessum bæ.

### Frægir menn

Því er þó ekki að neita, að það er alltaf gaman að sjá verk eftir fræga listamenn í alvörunni, tækifæri til þess gefst nú á Kjarvalsstöðum. Þar eru samankomin sýnishorn af verkum margra vel þekktu myndlistarmanna sem eðlilega eru ólíkir innbyrðis. Sýningin minnir því helst á lukku-



Sverrir Haraldsson.

# Sverrir sýnir á Landspítalanum

Myndir Sverris Haraldssonar þrýða nú ganga og anddyri Landspítalans. Sumar myndanna hefur Sverrir gert meðan hann dvaldi á Landspítalanum fyrir skömmu.

Starfsmannaráð Landspítalans

hefur hug á því að fá listamenn til að sýna verk sín á stofnuninni og hefur Sverrir góðfúslega orðið við tilmælum ráðsins að ríða á vaðið með sýningu á myndum sínum.

Myndirnar verða til sýnis yfir hátíðarnar.

# Tónleikar Tónskólans

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar efni til kammertónleika í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20.30. Þetta er fjórða árið í röð sem

Tónskólinn efni til kammertónleika á jólafostu.

Efnisskrá tónleikanna er mjög fjölbreytt og verður eingöngu

flutt af nemendum á efri námsstigum. Meðal höfunda má nefna Bach, Alvinioni, Beethoven Gauber, Faure og Rachmaninoff.